

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um humarveiðar.

Frá Ingu Sæland.

1. Hver var árlegur fjöldi skipa sem stunduðu humarveiðar á árunum 2000–2018?
2. Hver var þróun á vélarafl og togkrafti skipa sem stunduðu humarveiðar á fyrrgreindu árabili?
3. Hver var þróun í stærð, þunga og gerð veiðarfæra við humarveiðar á sama árabili?
4. Hafa stjórnvöld hvatt til breyttra aðferða við veiðar á humri, svo sem að teknar verði upp gildruveiðar í stað togveiða?

Skriflegt svar óskast.